


Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 1		
Dags.: 9.3.2021		
Höfundur: PÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 1 af 2	Fundargerð (Tegund fundar)	

Dags.: 05.07.2021	Tími: 16:00	Staðsetning: Teams	Fund boðaði: Jón Björn
-------------------	-------------	--------------------	------------------------


Þátttakendur

Mættir:	Jón Björn Hákonarson, Hlöðver Hlöðversson, Sigurður Ólafsson, Pálína Margeirsdóttir, Anna Margrét Sigurðardóttir, Lilja Guðný Jóhannesdóttir, skm. (víkur af fundi þegar farið er yfir umsóknir um embætti skólameistara undir lið 4 í dagskrá).
Fjarverandi:	

Dagskrá:

1. Ráðning áfangastjóra - LGJ
2. Settur skólameistari frá 1. ág. fram að nýrri skipun - LGJ
3. Staða skólans í grófum dráttum – LGJ
4. Yfirferð umsókna um embætti skólameistara - JBH

nr.	Fundargerð dagskrárlíðs
1.	Skólameistari gerði grein fyrir ráðningu nýs áfangastjóra en Karen aðstoðarskólameistari hefur óskað eftir lausn frá störfum frá 1.ágúst nk.. Hefur skólameistari orðið við þeirri beiðni, þó með þeim fyrirvara að hún setji nýjan áfangastjóra inn í starfið í ágúst. Í stöðu áfangastjóra barst ein umsókn, frá Unni Ásu Atladóttur og hefur hún verið ráðin frá 1. ágúst. Umsókn Unnar Ásu er sterk en hún er menntaður viðskiptafræðingur með mastersgráðu í kennslufræðum. Á starfsferli Unnar Ásu hefur hún þurft að takast á við ýmis viðfangefni sem og öðlast reynslu sem munu nýtast henni vel í starfi áfangastjóra við VA.
2.	Núverandi skólameistari baðst lausnar frá 31. júlí. Að beiðni ráðuneytis mælti skólameistari í kjölfarið með starfsmanni innan VA til að taka við stjórn skólans þar til ráðið hefur verið í embættið. Hefur Hafliði Hinriksson verið settur skólameistari frá 1. – 31. ágúst, með mögulegri framlengingu þar til skipað hefur verið í embættið. Staðgengill skólameistara frá 1. ágúst verður Birgir Jónsson, gæðastjóri. Skólanefnd þakkar Lilju Guðnýju samstarfið og góð störf í þágu skólans. Jafnframt er henni óskað velfarnaðar í nýju starfi.
3.	Fjárhagsleg staða skólans er í góðu lagi í dag. Unnið hefur verið að ýmsum hagræðingaraðgerðum frá árinu 2019 sem hafa skilað betri rekstrarstöðu stofnunarinnar. Á sama tíma hefur tekist að standa vörð um iðnnámið og fylgja eftir þeirri stefnu skólameistara og skólanefndar að fella ekki niður stakar annir í iðnnámi

Nr.: GÁT-040	Verkmenntaskóli Austurlands	
Útgáfa: 1		
Dags.: 9.3.2021	Fundargerð (Tegund fundar)	
Höfundur: PÓJ		
Samþykkt: Skólameistari		
Síða 2 af 2		

þrátt fyrir að nemendur séu þar fáir. Ein undantekning var þó á þessu en kennsla í háriðndeild var felld niður fyrir komandi skólaár þar sem útlit var fyrir að ekki yrði nema einn nemandi í deildinni. Verður rekstur deildarinnar skoðaður í upphafi næsta árs en ekki er hægt að líta hjá því að aðsókn í deildina hefur verið afar dræm í langan tíma.

4. Yfirferð á umsóknum um starf Skólameistara VA. Umsóknarfrestur rann út þann 1. júlí sl. og bárust 3 umsóknir um starfið. Mennta- og menningarmálaráðuneytið hefur sent umsóknir til nefndarinnar til umsagnar. Nefndarmenn fengu þær í hendur 3. júlí sl. til að kynna sér þær fyrir fundinn. Umsækjendur eru: Guðjón Ragnar Jónasson, Guðrún Erla Sigurðardóttir og Hafliði Hinriksson. Nefndin fór yfir umsóknir og tók um þær umræður byggðar á þeim og fylgigögnum umsækjenda. Jafnframt var gengið frá drögum af umsögn til ráðuneytis. Formanni falið að ganga frá umsögn og senda á ráðuneyti.

Ef við á: Niðurstaða, ákvarðanir teknar, málum vísað áfram, hver ber ábyrgð, tímasetningar, hver fær sendar upplýsingar, tímasetningar og annað sem að tengist dagskrá fundarins.

Fundargerð ritaði: Jón Björn Hákonarson	dags. 05.07.2021
---	------------------

Hvar er fundargerð geymd (og birt ef við á):
Í málaskrá skólans og á heimasíðu: <https://www.va.is/is/skolinn/stjorn-skolans/skolanefnd>

Field Code Changed